

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2021



Setningarræða Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar.

Verið velkomin á hina árlegu rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar sem stendur á merkilegum tímamótum í dag. Ráðstefnan er nú haldin í tuttugasta sinn og hefur því sannarlega slitið barnsskónum og komin á fullorðinsár.

Rannsóknaráðstefnan er enda orðin ein af föstum punktum tilverunnar, ekki aðeins hjá starfsfólki Vegagerðarinnar, heldur einnig hjá sérfræðingum, vísindafólki og verkfræðingum í öðrum stofnunum, háskólum og fyrirtækjum.

Það er einkar ánægjulegt að geta horft framan í ykkur öll sem mætt eruð hér enda vart hægt að líkja því saman við þær aðstæður sem við héldum ráðstefnuna á síðasta ári þegar covid faraldurinn stóð sem hæst. Þá voru einungis fyrirlesarar í salnum en áhorfendur fylgdust með í beinu streymi. Þátttakan var raunar framan vonum og þótti vel til takast, raunar svo vel að ákveðið var að bjóða aftur upp á þann kost að fylgjast með í gegnum netið í dag og bið ég fólkið á skjánum einnig velkomið.

Það sýnir sig þó sannarlega í dag að flestir vilja heldur mæta á staðinn enda er þátttaka á ráðstefnunni með allra mesta móti þar sem skráningar eru hátt í þrjú hundruð.

Rannsóknaráðstefnan endurspeglar hið mikla starf sem rannsóknasjóður Vegagerðarinnar vinnur en sjóðurinn gegnir mikilvægum þætti í starfsemi stofnunarinnar. Markmið sjóðsins er; að hafa frumkvæði að rannsókn- og þróunarstarfi, sem stuðlar að því að Vegagerðin geti uppfyllt sett markmið á hverjum tíma. Að afla nýrrar þekkingar á sviði vega- og samgöngumála og að stuðla að því að niðurstöður varðandi aðferðir, efnisnotkun og hagkvæmara vinnulag skili sér í stöðlum og breyttu verklagi.

Mikil ásókn er í sjóðinn en árið 2021 bárust 137 umsóknir upp á samtals 400 milljónir króna. Af þessum 137 umsóknum fengu 66 verkefni styrk fyrir samtals 150 milljónir króna en það er fjárveitingin sem sjóðurinn hefur til umráða samkvæmt samgönguáætlun. Raunar segir í vegalögum að 1,5% af mörkuðum tekjum vegamála skuli renna til rannsókn- og þróunarstarfs en þessar 150 milljónir eru töluvert frá því að uppfylla það. Óskandi væri að framlag til rannsókna yrði hækkað enda hefur annar kostnaður aukist svo hvert verkefni verður dýrara og því ljóst að færri verkefni munu fá úthlutað úr sjóðnum næstu ár ef ekkert breytist.

Verkefnin sem fengu úthlutað úr sjóðnum í ár voru af fjölbreyttum toga en flest féllu þau þó undir flokkinn mannvirki eða 42%, næst flest undir umhverfi 28%, verkefni tengd umferð voru 13% og verkefni með áherslu á samfélag voru 12%. Fimm prósent verkefnanna falla undir annað og eru það oft verkefni sem Vegagerðin hefur óskað sérstaklega eftir að verði unnin.

Umsóknir í sjóðinn koma víða að. Starfsfólk Vegagerðarinnar sækir nokkuð í sjóðinn til að koma ýmsum rannsóknaverkefnum á koppinn en stærstur hluti styrkja er veittur til verkefna sem koma utanað, frá háskólunum, opinberum stofnunum, verkfræðistofum og öðrum fyrirtækjum.

En hvað verður svo um þessi rannsóknaverkefni? Vegagerðin fær skýrslur með niðurstöðum allra verkefnanna sem eru birtar á heimasíðu Vegagerðarinnar og oftast en ekki eru niðurstöður notaðar til að bæta verklag eða auka skilning fólks á ýmsum málefnum.

Og síðan er það auðvitað uppskeruhátíðin; rannsóknaráðstefnan sem við sitjum hér í dag og Ólafur Sveinn Haraldsson forstöðumaður rannsókna hjá Vegagerðinni hefur veg og vanda af.

Við getum sannarlega hlakkað til enda eru erindin fjölmörg og fjölbreytileg að vanda og snúa að mannvirkjum, umferð, umhverfi og samfélagi.

Flestir þekkja þetta fyrirkomulag. Þetta eru stutt og kjarnyrt erindi sem gefa innsýn inn í þann fjölbreyteika sem einkennir rannsóknir sem styrktar eru af sjóðnum. Ég hef upplifað það oftast en ekki að erindi sem við fyrstu sýn virka ekki sérlega spennandi reynast svo gjarnan áhugaverðustu erindin.

Við fáum að heyra um malarslitlög sem eru víst ekki bara drulla, tæringu málma í andrúmslofti á Íslandi og gagnvirkar hraðahindranir sem umbuna þeim sem aka á löglegum hraða. Við fræðumst um jarðtækniastaðla, slitþolna hástyrkleikasteypu og stauraundirstöður.

Við fáum að heyra um áhrif örflæðis í samgöngulíkani, um borgarskipulag og ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu, um mælingar á fláum á Siglufjarðarvegi, um farsímagögn í umferðarlíkani og hvernig gögn úr veggreini Vegagerðarinnar eru notaðar í umferðaröryggisstjórnun.

Að sjálfsögðu fær umhverfið gott rými. Þannig verður fjallað um hvernig staðargróður var notaður til að græða upp vegfláa á Þingvallavegi, grænar raforkulausnir fyrir vita og sjálfbærnimat íslenskra vegaf framkvæmda.

Að lokum verður fjallað um kortlagningu á neðansjávarskriðum í Seyðisfirði og Norðfirði.

Við gerum ráð fyrir að dagskrá ljúki um 16.30 en þá tekur við það skemmtilegasta í þessu öllu sem eru léttar veitingar sem sárlega vantaði á síðasta ári.

Hefð er fyrir því að hefja ráðstefnuna með aðalfyrirlesara sem er að þessu sinni Ari Trausti Guðmundsson en hann mun ræða um náttúruna og pólitíkina sem eru málefni sem eru honum að góðu kunn sem jarðfræðingur og fyrrverandi þingmaður. En áður en hann hefur mál sitt vil ég biðja G. Pétur Matthíasson að taka við fundarstjórn.

Að þessu sögðu lýsi ég 20. rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar setta og óska ykkur góðrar skemmtunar í dag bæði hér í salnum og á skjánum.